



Per mentis
geðlækningar

Velkomin í þjónustu

Í þessari möppu má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir nýja skjólstæðinga. Nýjustu upplýsingar á hverjum tíma má ætíð finna á vefsíðu okkar, gedlaeknir.is.

Við erum þriggja manna teymi og vinnum eftir þeirri hugmyndafræði að skjólstæðingur eins okkar sé jafnframt skjólstæðingur teymisins. Þannig náum við að veita snögga og góða þjónustu. Við vinnum einnig afar náið með öðru fagfólk í heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Þegar við tökum að okkur nýjan skjólstæðing tökum við að okkur allar geðlækningar hans. Það þýðir að á meðan fólk er í þjónustu hjá okkur eru það við sem berum ábyrgð á meðferðinni, skrifum lyfseðlana fyrir öllum geðlyfjum, öll vottorð tengd geðsjúkdómum og taugaþroskaröskunum o.s.frv. Þetta er gert til þess að fyrirbyggja vandamál sem geta komið af því að mismunandi þjónustuaðilar geri mismunandi hluti á sama tíma, t.d. að við setjum inn eina meðferð og heilsugæslan aðra. Það er heldur ekki sanngjarn gagnvart heilsugæslunni að biðja þau að skrifa lyfseðla fyrir eða votta meðferð sem er veitt hjá okkur.

Vinsamlegast óskið EKKI eftir lyfseðlaendurnýjunum í gegnum Heilsuveru – allar slikar óskir fara til heilsugæslunnar, ekki okkar. Notið netfangið lyfsedlar@gedlaeknir.is



Per mentis
geðlækningar

Símanúmer og netföng

Tímabókanir, breytingar eða afbókanir

588 2950
afgreidsla@gedlaeknir.is

**Endurnýjanir á
lyfseðlum/lyfjaskírteinum**

lyfsedlar@gedlaeknir.is

Ráðgjöf

radgjof@gedlaeknir.is

Símaráðgjöf hjúkrunarfraeðings

588 2955 (þri 13-14, fös 11-12)

Fyrirspurnir um reikninga

reikningar@gedlaeknir.is



Per mentis
geðlækningar

Teymið



Kristófer Sigurðsson, læknir/framkvæmdastjóri. Sérfræðingur í heimilis- og geðlækningum.



Tanja Guðrún Sch. Hjörvar, geðhjúkrunarfræðingur MSc.



Ellen María Þórólfsdóttir,
skrifstofustjóri/heilbrigðisgagnafræðingur



Per mentis
geðlækningar

Fjármálin

Nýjustu verðskrá okkar má ætið nálgast á vefsíðu okkar, gedlaeknir.is

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við mestalla læknispjónustu, en önnur þjónusta er að langmestu leyti ekki niðurgreidd. Vegna þessa leggst oft töluverður kostnaður á skjólstæðinga þjónustunnar. Okkur er ómögulegt annað en að rukka þennan kostnað, annars gætum við ekki veitt þjónustuna.

Við sækjum niðurgreiðslu til ríkisins og rukkum skjólstæðinga um eftirstöðvarnar. Við gerum okkar besta til þess að sækja sem hæsta niðurgreiðslu, sem þó passar við regluverkið. Ef ríkið ákveður við síðari endurskoðun að lækka endurgreiðslu fyrir tiltekna komu áskiljum við okkur rétt til þess að endurreikna hlut skjólstæðingsins og senda rukkun.

Greiðsluleiðir

Tekið er við reiðufé og öllum helstu greiðslukortum. Boðið er upp á greiðslufrest eða greiðsludreifingu í gegnum Netgíró, Pei og raðgreiðslur VISA/Mastercard. Skjólstæðingar sem hyggjast greiða í gegnum Netgíró eða Pei eru hvattir til að skrá sig hjá þeim og sækja appið í símann sinn.

Reikningsviðskipti

Við bjóðum skjólstæðingum reikningsviðskipti með greiðslufresti út líðandi mánuð. Við áskiljum okkur rétt til þess að kanna lánsþæfi skjólstæðinga sem velja þessa leið og til þess að hafna reikningsviðskiptum án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir því. Ef reikningar eru ekki greiddir innan fimm daga frá eindaga fara þeir í innheimtu hjá Motus. Umsýslu- og vanskilagjöld fara eftir gjaldskrá okkar, sem nálgast má á gedlaeknir.is

Nafn fyrirtækisins er Per mentis slf., kt 660813-0550.



Per mentis
geðlækningar

Lyfjaskírteini

Lyfjaskírteini eru eins konar samþykki Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir ákveðinni lyfjagjöf til ákveðins einstaklings. Þau eru aðeins rafræn.

Lyfjaskírteini eru fyrst og fremst hugsuð til þess að notkun ákveðinna kostnaðarsamra lyfja sé háð samþykki SÍ. Síðari viðbót er að lyfjaskírteinakerfið er notað til þess að takmarka aðgang að örвandi ADHD lyfjum.

Fyrir örвandi ADHD lyf gildir að apótek mega ekki afgreiða lyfseðla fyrir þeim nema skjóstæðingurinn hafi gilt lyfjaskírteini fyrir viðkomandi lyfi. Til þess að fá lyfið niðurgreitt þarf auk þess læknirinn sem skrifaði lyfseðilinn að vera skráður á lyfjaskírteini skjóstæðingsins. Hægt er að skrá allt að þrjá lækna á lyfjaskírteini.

Fyrir ýmis önnur lyf, eins og Atomoxetin, Wellbutrin, Brintellix o.m.fl. gildir að afgreiða má lyfseðil fyrir þeim, en lyfið er ekki niðurgreitt án lyfjaskírteinis.

Læknar sækja um lyfjaskírteini fyrir hönd skjóstæðinga sinna, skjóstæðingar geta ekki sótt um þau sjálfir. Yfirleitt tekur afgreiðsla lyfjaskírteinis um 4-5 virka daga en á vissum tímabilum getur hún tekið allt upp í nokkrar vikur.

Skjóstæðingurinn fær tölvupóst um afgreiðsluna ef SÍ hafa netfang hans skráð, annars ekki. Lyfjaskírteini er ekki hægt að sjá í Heilsuveru. Hægt er að athuga hvort það sé tilbúið með því að fara á rg.sjukra.is, skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og velja Lyfjaskírteini undir valmyndinni Réttindastaðan míni, til vinstri á skjánum. Einnig er hægt að spyrja í apóteki. Apótek sjá lyfjaskírteinið og því er engin þörf á að sýna þeim fram á að lyfjaskírteinið sé komið.